




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

MAHLER NR.2



Á LISTAHÁTÍÐ
Í REYKJAVÍK



1. JÚNÍ 2018

VELKOMIN

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikunum er streymt beint í hljóði og mynd á vef hljómsveitarinnar, www.sinfonia.is.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir á ruv.is.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.

Söngtextar eru á bls. 12.

Áætluð tímalengd verks:

Sinfónía: 90'

Athugið að ekki verður gert hlé á tónleikunum.



Tónleikarnir eru á dagskrá Listahátíðar í Reykjavík 2018.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA



FOS 01 NÚN 19:30

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

MAHLER NR. 2 Á LISTAHÁTIÐ

Osmo Vänskä
hljómsveitarstjóri

.....

Christiane Karg
einsöngvari

.....

Sasha Cooke
einsöngvari

.....

Mótettukór
Hallgrímskirkju

.....

Hörður Áskelsson
kórstjóri

EFNISSKRÁ

Gustav Mahler

Sinfónía nr. 2, Upprisusinfónían (1888–94)

Allegro maestoso

Andante moderato

Scherzo. In ruhig fließender Bewegung

Urlicht

Im Tempo des Scherzos – Langsam

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is



OSMO VÄNSKÄ

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finninn Osmo Vänskä er tónlistarstjóri Minnesota-hljómsveitarinnar í Bandaríkjunum og aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hann er íslenskum tónlistarunendum að góðu kunnur allt frá því að hann var aðalstjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar árin 1993–96. Frá 2011 hefur hann komið árlega til þess að stjórna hljómsveitinni og auk þess stjórnaði hann Filharmóníuhljómsveit Lundúna í Eldborg þegar hljómsveitin sótti Ísland heim árið 2014. Árið 2017 var Vänskä einnig útnefndur heiðursstjórnandi Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Vänskä er klarínnettuleikari og starfaði áður sem slíkur við filharmóníuhljómsveitirnar í Turku og Helsinki. Hann lærði hljómsveitarstjórn í Sibeliúsar-akademíunni í Helsinki og hlaut 1. verðlaun í hljómsveitarstjórakeppninni í Besançon í Frakklandi árið 1982. Í framhaldi af því vann hann sér sess sem afburða hljómsveitarstjóri, meðal annars með Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti, þar sem hann var aðalstjórnandi í tvo áratugi, og skosku BBC-hljómsveitinni. Vänskä hefur hlotið mikið lof fyrir starf sitt með Minnesota-hljómsveitinni en það hófst árið 2003. Hljómsveitin hljóðritaði meðal annars allar sífóníur Beethovens undir hans stjórn og sagði gagnrýnandi New York Times um þann flutning að þar væri komin „hin fullkomna Beethoven-túlkun okkar tíma“. Þá hafa Vänskä og Minnesota-hljómsveitin einnig hljóðritað allar sífóníur Sibeliúsar á þremur diskum og hrepptu Grammy-verðlaunin fyrir einn þeirra. Þessar hljóðritanir koma allar út á vegum sænska forlagsins BIS en það hefur einnig gefið út tvo diska með verkum eftir Jón Leifs í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands undir stjórn Vänskä.

Á þessu starfsári hefur Vänskä stjórnað Minnesota-hljómsveitinni í hljóðritunum á 1. og 4. sífóníu Mahlers en heildarútgáfa á sífóníum tónskáldsins hófst í fyrra. Hann er fastagestur hjá fremstu hljómsveitum austan hafs og vestan. Má þar nefna filharmóníusveitirnar í New York og Los Angeles, sífóníuhljómsveitirnar í Boston og Chicago, Berlínarfilharmóníuna, Filharmóníuhljómsveit Vínarborgar og Concertgebouw-hljómsveitina í Amsterdam.

Á næsta starfsári er Vänskä væntanlegur til Íslands tvisvar sinnum og mun meðal annars stjórna 10. sífóníu Mahlers, sem ekki hefur hljómað hér á landi síðan árið 1999.



CHRISTIANE KARG

EINSÖNGVARI

Bæverska sópransöngkonan Christiane Karg er meðal þeirra allra fremstu á heimsvísu um þessar mundir og vekur hvarvetna aðdáun fyrir silkimjúka og tæra sópranródd sína. Hún er fastagestur við Covent Garden og La Scala-óperuhúsin og debúteraði við Salzburgerhátiðina árið 2006 við frábærar undirtektir. Hún hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir hljómdiska sína, m.a. fyrir disk með konsertaríum þar sem hún syngur undir stjórn Jonathans Cohen, sem einmitt stjórnaði Aðventutónleikum Sinfóníunnar í desember 2017.

Christiane Karg lærði söng við Mozarteum-tónlistarháskólann í Salzburg. Hún hefur haldið einsöngstónleika í Musikverein í Vínarborg, Concertgebouw í Amsterdam, Wigmore Hall í Lundúnum og á Edinborgarhátiðinni. Nýverið kom hún fram á páskahátiðinni í Salzburg þar sem hún söng Þýska sálumessu eftir Brahms með Dresden Staatskapelle undir stjórn Christians Thielemann; hún söng einnig níundu sífóníu Beethovens með Mariss Jansons og Bæversku útvarpshljómsveitinni í Tókýó og fjórðu sífóníu Mahlers með Fílharmóníuhljómsveit Rotterdam undir stjórn Yannick Nézet-Séguin. Þá söng hún við Metropolitan-óperuna í fyrsta sinn, hlutverk Súsönnu í *Brúðkaupi Figarós*, og við La Scala sem Evrídís í *Orfeo ed Euridice*, þar sem Juan Diego Flórez fór með hitt titilhlutverkið. Þá má geta þess að hún syngur hlutverk Súsönnu á nýlegum hljómdiski Deutsche Grammophon þar sem Yannick Nézet-Séguin stjórnar Kammerhljómsveit Evrópu, en með önnur hlutverk fara meðal annars Anne Sofie von Otter og Thomas Hampson.

Segja má að tónlist Mahlers sé sérgrein Karg og hefur hún m.a. sungið einsöngshlutverkið í *Upprisusinfóníunni* með Concertgebouw-hljómsveitinni, Orchestre de Paris og Lundúnasinfóníunni undir stjórn Seymons Bychkov.



SASHA COOKE

EINSÖNGVARI

Bandaríska mezzósópran-söngkonan Sasha Cooke sérhæfir sig í flutningi á tónlist Mahlers og hefur meðal annars hlotið Grammy-verðlaun fyrir túlkun sína á verkum hans. Hún hefur nýverið komið fram með Sinfóníuhljómsveitinni í Chicago undir stjórn Riccardos Muti, auk þess sem hún söng einsöngshlutverkið í sinfóníu nr. 1 eftir Bernstein með Concertgebouw-hljómsveitinni og með Philadelphia-hljómsveitinni í Carnegie Hall. Þá hefur hún nýverið hljóðritað *Upprisusinfóníu* Mahlers með Minnesota-hljómsveitinni undir stjórn Osmo Vänskä. Í lok árs 2017 söng hún titilhlutverk í nýrri óperu eftir Nico Muhly, *Marnie*, við Ensku þjóðaróperuna, og hún söng með The English Concert í Carnegie Hall og Barbican-listamiðstöðinni. Á yfirstandandi tónleikaári hefur hún einnig sungið 3. sinfóníu Mahlers með Sinfóníuhljómsveitinni í San Francisco og 9. sinfóníu Beethovens með Lundúnasinfóníunni, en Michael Tilson Thomas stjórnaði báðum tónleikunum.

Sasha Cooke hefur sungið inn á fjölmarga geisladiska, m.a. sönglög Liszts fyrir Hyperion-útgáfuna ásamt píanistanum Julius Drake. Það væri of langt mál að telja allar þær framúrskarandi hljómsveitir sem hún hefur sungið með, en meðal þeirra eru sinfóníuhljómsveitirnar í Boston, New York og San Francisco, auk þess sem hún hefur sungið á tónlistarhátíðum víða um heim. Sasha Cooke stundaði nám við Rice-háskólann í Texas og við Juilliard-skólann í New York.

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU

Mótettukór Hallgrímskirkju hefur lengi verið meðal fremstu kóra Íslands. Verkefnalisti kórsins er langur og fjölskrúðugur. Þar má finna fjölmargar óratóriur, passíur og sálumessur en líka kórverk án undirleiks frá ýmsum tímum, auk þess sem kórinn hefur frumflutt fjölda íslenskra tónverka. Mótettukórinn hefur farið í margar tónleikaferðir og sungið í helstu dómkirkjum Evrópu, auk þess sem hann hefur tekið þátt í tónlistarhátíðum á borð við Listahátíðina í Bergen, Norrænu kirkjutónlistarhátíðina í Gautaborg og Wiener Festwochen.



Meðal stórverka sem Mótettukórinn hefur flutt á síðustu árum má nefna *Matteusarpassiú*, *Jóhannesarpassiú*, *Jólaóratóriú* og H-moll messu J.S. Bachs, sálumessur eftir Mozart, Duruflé og Fauré, óratóriurnar *Elía* og *Paulus* eftir Mendelssohn, Vesper eftir Rachmaninoff, Messu fyrir tvo kóra eftir Frank Martin og *Þýska sálumessu* eftir Johannes Brahms. Mótettukór Hallgrímskirkju hefur sungið inn á marga geisladiska og hefur fengið mikið lof erlendra gagnrýnenda fyrir diska með sálumessu Maurice Duruflé og *Passíu* eftir Hafliða Hallgrímsson. Kórinn hefur margsinnis komið fram með Sinfóníuhljómssveit Íslands, síðast í apríl síðastliðnum þegar hann söng með flutningi á tónlist við kvikmyndina *Amadeus*.



HÖRÐUR ÁSKELSSON

KÓRSTJÓRI

Hörður Áskelsson hefur verið organisti og kantor Hallgrímskirkju frá því hann lauk framhaldsnámi í Pýskalandi árið 1982. Hann hefur gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu listalífs kirkjunnar og stóð meðal annars að stofnun Listvinafélags Hallgrímskirkju, Kirkjulistahátíðar og Alþjóðlegs orgelsumars. Árið 1982 stofnaði hann Mótettukór Hallgrímskirkju og kammerkórinn Schola cantorum árið 1996. Með kórunum hefur hann flutt flest helstu verk kórbókmenntanna auk þess sem hann hefur stjórnað frumflutningi margra verka fyrir kór og hljómsveit sem íslensk tónskáld hafa skrifað á undanförunum árum. Hörður hefur hlotið margsháttar viðurkenningar fyrir framlag sitt til tónlistarlífs á Íslandi, þ.á m. Íslensku tónlistarverðlaunin og Menningarverðlaun DV árið 2002, Riddarakross hinnar íslensku fálkaorðu árið 2004 og Íslensku bjartsýnisverðlaunin árið 2006. Þá var hann borgarlistamaður Reykjavíkur 2002.

Hörður hefur kennt orgelleik og kórstjórn við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og á árunum 1985–1995 var hann lektor í litúrgískum söngfræðum við guðfræðideild Háskóla Íslands. Hörður var tónlistarstjóri hátíðarhalda í tilefni af 1000 ára afmæli kristnitöku á Íslandi árið 2000 og hann gegndi embætti söngmálastjóra Þjóðkirkjunnar árin 2005–2011. Hörður hefur átt farsælt samstarf með Sinfóníuhljómsveit Íslands og með kórum sínum hefur hann meðal annars tekið þátt í flutningi og hljóðritunum fyrir BIS á verkum Jóns Leifs fyrir kór og hljómsveit, síðast á *Eddu II* í mars síðastliðnum.



GUSTAV MAHLER

SINFÓNÍA NR. 2

Á 19. öld þótti símfónían æðst allra greina hljóðfærátónlistar. Á meðförum Beethovens hlaut hún að nokkru leyti annað inntak en oftast var raunin fram að því; tónlistin var oft spennubrúgnari en áður, kaflarnir lengri auk þess sem kvæð við alvarlegri tón. Eftir daga Beethovens reyndu tónskáld að feta í fótspor hans, þau teygðu enn á forminu og beittu fjölmennari hljómsveitum til að kalla fram sterkari áhrif en áður hafði þekkt. Tónlistin var stór í sniðum, jafnvel ofhlaðin bæði hvað varðar fjölda flytjenda og sjálfan stílinn. Hún var líka háleit, henni var ætlað að tjá djúpar tilfinningar og vekja áhrif sem jafnvel mætti líkja við trúarupplifun. Önnur símfónía Gustavs Mahler (1860–1911) er dæmi um þetta, samin á árunum 1888–94 fyrir einhverja stærstu hljómsveit sem nokkurt tónskáld hafði kallað til, meðal annars 10 horn, átta trompetta og jafnmarga slagverksleikara, tvær hörpur, orgel og stóra strengjasveit, og í lokin bætast tvær söngkonur og stór kór í hópinn. Lengd verksins er líka rausnarleg, ríflega 80 mínútur og upphafskaflinn einn og sér á við flestar heilar símfóníur 18. aldar.

Mahler var einn dádasti tónlistarmaður sinnar tíðar en ekki var það fyrir tónsmíðar. Hann náði skjótum frama sem óperustjórnandi, hreppti ungur að árum stöður í Prag, Búdapest og Hamborg. Þrjátíu og sex ára gömlum hlotnaðist honum eitt áhrifamesta starf sem um gat í tónlistarheiminum, að verða aðalstjórnandi Vínaóperunnar. Mahler var gyðingaættar og sætti fordómum þess vegna, þurfti raunar að taka kristna trú til þess eins að verða gjaldgengur í starfið. Sjálfmynd hans var brothætt og hann hafði á orði að hann væri „þrívegis heimilislaus, sem íbúi Bæheims í Austurríki, sem Austurríkismaður meðal Þjóðverja, og sem gyðingur hvar sem er í heiminum.“

Mahler samdi níu símfóníur og hafði þá tíundu í smíðum þegar hann lést. Hann sinnti tónsmíðum í sumarleyfum sínum, þegar hann dvaldist í austurrísku ölpunum, og lét byggja sér lítinn trékofa þar sem ekkert raskaði ró hans. Að hausti var hann oftast ekki kominn með drög að símfóníu og vann síðan að hljómsveitarútsetningunni þegar næði gafst yfir vetrarmánuðina. Í símfóníum Mahlers má heyrta tilraun til að samþætta hefðbundnar hugmyndir um símfóníu og nýjar greinar tónlistar á 19. öld – söngvaflokk, tónaljóð og hermísinímfóníu.

Hann lét fyrstu fjórum sinfóníum sínum fylgja „prógrömm“ í anda Liszts og Berlioz en hafði efasemdir um ágæti slíkra skýringa og dró þær síðar til baka.

Tilurð sinfóníu nr. 2 má rekja til þess að árið 1888 fullgerði Mahler óperu sem öðru tónskáldi, Carl Maria von Weber, hafði ekki einst aldur til að ljúka við. Að frumsýningu lokinni bárust honum blómvendir sem sómdu sér vel í íbúð hans næstu vikunnar. Í spennufallinu eftir flutninginn ímyndaði Mahler sér að hann væri látinn og lægi í líkkistu umkringdur blómum. Brátt fór tónaljóð í einum þætti, *Todtenfeier*, að taka á sig mynd, þar sem dauðinn og hinna kveðja er yrkisefnið: „Það er hetja fyrstu sinfóníu minnar sem hér er lögð til grafar, og líf hennar endurspeglast í tónlistinni.“ Mahler leit á þennan þátt sem hugleiðingu um tilgang lífsins: „Til hvers lifðir þú? Til hvers þjáðist þú? Hefur líf okkar og dauði einhvern tilgang?“

Vart er hægt að hugsa sér dramatískara upphaf á sinfóníu en það sem hljómar hér. Hinar ýmsu skapgerðir skiptast á: reiðilegar hendingar í sellóum og kontrabössum, brot úr sigurvissu sálmalagi sem vísar til þess sem gerast mun í lokaþætti sinfóníunnar, kaþólski útfararsöngurinn *Dies irae*, þrumandi ómstríðir hljómar, og – inn á milli – björt hending í fiðlum sem þó tekst aldrei að brjóta jarðarfararstemninguna á bak aftur. Eftir þrumandi niðurlagið þarf enginn að velkjast í vafa um að hér hefur dauðinn borið sigur úr býtum.

Mahler hafði fyrst um sinn í hyggju að láta *Todtenfeier*-kaflann standa einan og sér sem eins konar tónaljóð. Það var ekki fyrir en 1893 sem hann bætti við fleiri köflum og ári síðar var *Upprísusinfónían* fullgerð. Þar með varð heildarsvipurinn allt annar; líta má á sinfóníuna sem 80 mínútna ferðalag frá kirfilega negldu líkkistuloki upphafskaflans til hrifandi himnasælu lokataktanna. Annar kaflinn er ljúfur sveitadans af því tagi sem Austurríkismenn nefna *ländler*; Mahler kallaði þennan og aðra svipaða þætti „rúsínurnar“ í sinfóníum sínum. Að álitni margra eru þetta auðmeltustu og ánægjulegustu kaflarnir, en ekki hafa allir verið á sama máli. Þegar sinfónían var leikin í París árið 1910 gengu bæði Claude Debussy og Paul Dukas á dyr; þeim þótti tónlistin of gamaldags, bera fullmikinn keim af Schubert.

Í fyrstu fimm sinfóníum sínum leitaði Mahler margsinnis fanga í *Des Knaben Wunderhorn*, safni þýskra þjóðkvæða sem gefið var út snemma á 19. öld. Þriðji þáttur sinfóníunnar er útgáfa fyrir hljómsveit af sönglagi Mahlers, *Des Antonius von Padua Fischpredigt*, eða *Fiskiræðu Antoníusar frá Padova*. Textinn er kaldhæðinn í meira lagi; þegar guðsmaðurinn kemur að tómri kirkju heldur hann rakleitt að ströndinni og messar yfir fiskunum. Áhrifin eru ekki þau sem hann hafði vonast til; þeir

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfónía Mahlers hefur tvisvar sinnum áður verið flutt hér á landi, á 40 ára afmælis-tónleikum Sí í mars 1990 og á 60 ára afmælistónleikum hljómsveitarinnar árið 2010. Í fyrra skiptið stýrði Petri Sakari flutningnum; einsöngvarar voru Signý Sæmundsdóttir og Rannveig Fríða Bragadóttir, og Kór Íslensku óperunnar söng. Árið 2010 stjórnaði Rumon Gamba, en einsöngvarar voru Hillevi Martinpelto og Sarah Connolly ásamt Mótettukór Hallgrímskirkju.

virðast áhugasamir en að predikun lokinni synda þeir í burtu og halda uppteknum hætti – rétt eins og mannfólkið, að því er virðist. Mahler kvaðst sjálfur hafa skemmt sér konunglega við tónsmíðarnar en bætti við: „Líklega munu fáir skilja háð mitt um mannkynið.“

Texti fjórða þáttar, *Urlicht*, er einnig fenginn úr *Wunderhorn*-safninu en hér er altsöngkonan í aðalhlutverki. Upphaf lokapáttarins er eins og angistaróp sem kallast á við „hryllingsþytinn“ í Níundu sífóníu Beethovens, þ.e.a.s. tónana sem hljóma þar áður en *Óðurinn til gleðinnar* brýst út. Níunda sífónían var vitaskuld fyrirmynd Mahlers um margt, ekki síst sú grunnhugmynd að kalla til einsöngvara og kór í sífóníu, við texta sem hefur (að nokkru leyti) trúarlegt inntak.

Mahler átti í vandræðum með að finna viðeigandi lokapunkt á sífóníuna. Þar sem hann var viðstaddur útför hljómsveitarstjórans Hans von Bülow í Hamborg árið 1894 fann hann loks lausnina, sálm sem þar var sunginn eftir 18. aldar skáldið Friedrich Gottlieb Klopstock. Mahler sótti þangað erindi og bætti við texta frá eigin brjósti sem skýrir enn frekar yrkisefni hans í sífóníunni – upprisu mannsins og endurlausn. Lokakórinn byrjar undurveikt en hápunktarnir eru ekkert minna en stórfenglegir. Þar taka kór, einsöngvarar og hljómsveit öll undir og prísar þá himnesku dýrð sem bíður á hinsta degi.

Árni Heimir Ingólfsson

SÖNGTEXTAR

Urlicht

O Röschen rot!
Der Mensch liegt in größter Not!
Der Mensch liegt in größter Pein!
Je lieber möcht' ich im Himmel sein!

Da kam ich auf einem breiten Weg:
Da kam ein Engelein und wollt' mich abweisen.
Ach nein, ich ließ mich nicht abweisen!
Ich bin von Gott und will wieder zu Gott,
Der liebe Gott wird mir ein Lichtchen geben,
Wird leuchten mir bis an das ewig selig' Leben!

Úr „Des Knaben Wunderhorn“

Auferstehung

Chor und Sopran:

Aufersteh'n, ja aufersteh'n wirst du,
Mein Staub, nach kurzer Ruh!
Unsterblich Leben
Wird, der dich rief, dir geben.
Wieder aufzublüh'n, wirst du gesät!
Der Herr der Ernte geht
Und sammelt Garben
Uns ein, die starben!

Alt solo:

O glaube, mein Herz, o glaube:
Es geht dir nichts verloren!
Dein ist, ja dein, was du geseht,
Dein, was du geliebt, was du gestritten!

Sopran solo:

O glaube: Du wardst nicht umsonst geboren!
Hast nicht umsonst gelebt, gelitten!

Chor und Alt:

Was entstanden ist, das muß vergehen!
Was vergangen, auferstehen!
Hör auf zu beben!
Bereite dich zu leben!

Frumljós

Ó litla rauða rós!
Mannkynið hvílir í ákafri neyð!
Mannkynið hvílir í ákafri kvöl!
Miklu heldur vildi ég vera á himnum!

Þangað kom ég eftir breiðum vegi:
Þá kom engill og vildi vísa mér á braut.
Æ nei, ég lét ekki vísa mér á braut!
Ég er af Guði og vil aftur til Guðs,
góður Guð mun gefa mér svolítið ljós,
mun lýsa mér inn í eilíft sælulíf!

Upprisa

Kór og sópran:

Rísa upp, já þú munt rísa upp,
duft mitt, eftir skamma hvíld!
Ódauðlegt líf
mun sá sem kallaði þig gefa þér.
Þér verður sáð, svo að þú blómgist á ný!
Drottinn uppskerunnar gengur um
og safnar saman bindinum,
okkur sem dóum!

Einsöngvari, alt:

Ó trúðu, hjarta mitt, ó trúðu:
Ekkert skal glatast þér!
Þitt, já þitt er það sem þú þráðir,
þitt það sem þú unnir, sem þú barðist fyrir!

Einsöngvari, sópran:

Ó trúðu: Þú fæddist ekki til einskis!
Lifðir ekki, þjáðist ekki til einskis!

Kór og alt:

Það sem varð til, það verður að líða undir lok!
Það sem leið undir lok að rísa upp!
Hættu að skjálfa!
Búðu þig undir að lifa!

Sopran und Alt solo:

O Schmerz! Du Alldurchdringer!
Dir bin ich entrungen.
O Tod! Du Allbezwinger!
Nun bist du bezwungen!
Mit Flügeln, die ich mir errungen,
In heißem Liebesstreben
Werd ich entschweben
Zum Licht, zu dem kein Aug' gedrungen!

Chor:

Mit Flügeln, die ich mir errungen,
Werd ich entschweben!
Sterben werd' ich, um zu leben!
Aufersteh'n, ja aufersteh'n wirst du,
Mein Herz, in einem Nu!
Was du geschlagen,
Zu Gott wird es dich tragen!

*Friedrich Gottlieb Klopstock [fyrsta erindið]
og Gustav Mahler*

Einsöngvarar, sópran og alt:

Ó sársauki! Þú sem nístir gegnum allt!
Ég hef verið slitinn frá þér.
Ó dauði! Þú sem yfirbugar allt!
Nú ert þú yfirbugaður!
Á vængjum sem ég hef áunnið mér
í heitu ofurkappi eftir kærleikanum
mun ég svífa á braut
til ljóssins sem ekkert auga hefur litið!

Kór:

Á vængjum sem ég hef áunnið mér
mun ég svífa á braut!
Ég mun deyja til að lifa!
Rísa upp, já þú munt rísa upp,
hjarta mitt, á augabragði!
Sláttur þinn
mun bera þig til Guðs!

Reynir Axelsson þýddi

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

1. JÚNÍ 2018

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch
Una Sveinbjarnardóttir
Bryndís Pálsdóttir
Laura Liu
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Hildigunnur Halldórsdóttir
Rósa Hrund Guðmundsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Lin Wei
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Pascal La Rosa

2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Christian Diethard
Kristján Matthíasson
Margrét Þorsteinsdóttir
Þórdís Stross
Greta Guðnadóttir
Roland Hartwell
Hlín Erlendsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Gerður Gunnarsdóttir

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Guðrún Hrund Harðardóttir
Þórarinn Már Baldursson
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Ásdís Hildur Runólfssdóttir
Vigdís Másdóttir
Kathryn Harrison
Rannveig Marta Sarc

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Júlía Mogensen
Bryndís Björgvinsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Ólöf Sigursveinsdóttir
Margrét Árnadóttir
Lovísa Fjeldsted
Bryndís Halla Gylfadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson
Borgar Magnason
Valur Pálsson

FLAUTA

Emily Beynon
Sigríður Hjördís Indriðadóttir
Martial Nardeau
Sólveig Magnúsdóttir

ÓBÓ

Julia Hantschel
Daniel Bogorad
Eydís Franzdóttir
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Helga Björg Arnardóttir
Ármann Helgason
Grímur Helgason
Baldvín Tryggvason

FAGOTT

Michael Kaulartz
Bryndís Þórsdóttir
Bogdan Tanislav
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Lilja Valdimarsdóttir
Frank Hammarin
Asbjörn Ibsen Bruun
Merav Goldman
Jakob Keiding
Flemming Aksnes
Guðmundur Andri Ólafsson

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Kasper Knudsen
Guðmundur Hafsteinsson
Victor Koch Jensen
Baldvín Oddsson
Vilhjálmur Ingi Sigurðarson
Jóhann Ingvi Stefánsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
Carlos Caro Aguilera
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley
Elisabet Waage

ORGL

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Gabriele Bartezzati
Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason
Pétur Grétarsson
Helgi Þorleiksson
Einar Scheving

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*

Arna Kristín Einarisdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Margrét Sigurðsson *fjármálafulltrúi*
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*

MÓTETTUKÓR HALLGRÍMSKIRKJU

SÓPRAN

Agnes Andrésdóttir
Alda Úlfarsdóttir
Alexandra Kjeld
Anna Lotta Michaelsdóttir
Auður Perla Svansdóttir
Ása Björg Guðlaugsdóttir
Ása Sjöfn Lórens dóttir
Brynhildur Ásgeirsdóttir
Elisabet Vala Guðmundsdóttir
Gígja Gylfadóttir
Guðfinna Indriðadóttir
Guðrún Halldórsdóttir
Halldóra Viðarsdóttir
Halla Björgvinsdóttir
Heiðrún Björt Sigurðardóttir
Helga Ferdinandsdóttir
Helga Magnúsdóttir
Inga Harðardóttir
Larissa Weidler
Ragnheiður Bjarnadóttir
Sara Svansdóttir
Sarka Wohlmutová
Soffía Dóra Jóhannsdóttir
Þorgerður María Þorbjarnardóttir

ALT

Anna Lilja Torfadóttir
Bergþóra Ægisdóttir
Björg Sigurðardóttir
Bryndís Bergþórsdóttir
Fríða Sigríður Jóhannsdóttir
Gerður Guðmundsdóttir
Guðbjörg Pálsdóttir
Guðrún Finnbjarnardóttir
Halla Jónsdóttir
Helga Margrét Helgadóttir
Hildur Guðný Ásgeirsdóttir
Hrafnhildur Þórólfsdóttir
Hrefna Sigurjónsdóttir
Katrín Sverrisdóttir
Kristín Bergsdóttir
Laufey Jakobsdóttir
Lenka Mátéová
Ragnheiður Þórdís Gylfadóttir
Ragnhildur Sigurðardóttir
Sigríður Ásta Árnadóttir
Sólrun Hedda Benediktsdóttir
Svanhildur Óskarsdóttir
Valgerður Ólafsdóttir

TENÓR

Andrés Narfi Andrésson
Guðmundur Vignir Karlsson
Gunnar Thor Örnólfsson
Gylfi Guðjohnsen
Hafsteinn Már Einarsson
Halldór Hauksson
Hannes Kristinn Árnason
Hjalti Þór Þórssón
Hjálmar Benónýsson
Ingibjartur Jónsson
Ingvar Jón Bates
Karl Hjaltason
Magnús Gíslason
Sigurjón Geirsson
Sigurjón Jóhannsson
Simon Dalzell
Stefán Ólafsson
Sverrir Guðmundsson
Víkinger Viðarsson
Þorsteinn Björnsson
Þórhallur Vilhjálmsson
Þorsteinn Ágústsson

BASSI

Ari Puntin
Ástbjörn Haraldsson
Björn Bjarnsteinsson
Eðvarð Ingólfsson
Egill Arnarson
Egill Pétursson
Einar Örn Einarsson
Eric Heinen
Gísli Magnússon
Gunnar Örn Gunnarsson
Gunnar Ólafsson
Hrólfur Gestsson
Ingólfur Jóhannesson
Marcin Jan Cieslinski
Ragnar Pétur Jóhannsson
Sigurður Þór Baldvinsson
Sigurjón Halldórsson
Snorri Sigurðsson
Stefán Eggertsson
Sveinn Ingi Reynisson
Úlfur Sveinbjarnarson

PIANÓLEIKARI Á ÆFINGUM

Anna Guðný Guðmundsdóttir

Á DÖFINNI

FM 07 ÚT 19:30



BEHZOD SPILAR RAKHMANÍNOV

Undrabarnið frá Úsbekistan, Behzod Abduraimov, spilaði sig inn í hjörtu tónleikagesta Sinfóníuhljómsveitar Íslands haustið 2015 þegar hann lék píanókonsert eftir Prokofjev með slíkum tilþrifum að tónleikagestir supu hveljur af hrifningu. Nú snýr hann aftur með einn vinsælasta konsert allra tíma í farteskinu. Píanókonsert nr. 2 eftir Rakhmanínov er ljóðrænn og tilþrifamikill í senn, sannkölluð flugeldasýning fyrir þá sem hafa gaman af píanóleik eins og hann gerist bestur.

Florence Price var fyrsta bandaríska blökkukonan til að leggja fyrir sig sífónískar tónsmíðar og það með prýðilegum árangri. Hún vann til verðlauna fyrir fyrstu sífóníu sína árið 1932 og í kjölfarið var verkið flutt af Sinfóníuhljómsveitinni í Chicago. Á síðustu árum hefur tónlist hennar verið grafin úr gleymsku og nú hljómar hún í fyrsta sinn á Íslandi.

Bandaríski hljómsveitarstjórinn Joshua Weilerstein hlaut fyrstu verðlaun í hinni virtu Malkohljómsveitarstjórakeppni árið 2009. Hann hefur síðan ferðast víða um lönd og stjórnað m.a. öllum helstu hljómsveitum Norðurlanda og hinni margfrægu Concertgebouw-hljómsveit í Amsterdam.

FM 09 ÚT 19:30



ÓPERAN BROTHERS

Íslenska óperan sýnir óperuna Brothers eftir Daníel Bjarnason í samstarfi við Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð í Reykjavík í júní 2018. Verkið sem fjallar um stríð, bræðralag og ástir, er byggt á samnefndri kvikmynd eftir Susanne Bier sem margir þekkjá og librettóið er eftir Kerstin Perski.

Óperan, sem er fyrsta ópera tónskáldsins, var frumsýnd í Árósum síðastliðið haust í Den Jyske Opera og hlaut frábærar viðtökur áheyranda og einróma lof gagnrýnenda. Brothers var valið tónverk ársins í sígildri- og samtímatónlist á Íslensku tónlistarverðlaununum 2018 og Daníel Bjarnason var valinn maður ársins í íslensku tónlistarlífi. Leikstjóri uppfærslunnar er Kasper Holten sem lét nýverið af störfum sem óperustjóri Covent Garden. Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason.

TÓNVERK ÁRSINS
DANÍEL BJARNASON - MAÐUR ÁRSINS
Á ÍSLENSKU TÓNLISTARVERÐLAUNUNUM 2018

DANÍEL BJARNASON

BROTHERS

Mögnuð óperuupplifun
9. JÚNÍ 2018 Í ELDBORG

Aðeins ein sýning!



— Ascolta —

Hljómsveitarstjóri **Daníel Bjarnason** · Leikstjóri **Kasper Holten**
Libretto **Kerstin Perski** · Leikmynd og búningar **Steffen Aarfing**
Ljósahönnuður **Ellen Ruge** · Myndbandsverk **Signe Krogh**

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Oddur Arnþór Jónsson · Marie Arnet · Selma Buch Örum Willumsen · Elmar Gilbertsson
Þóra Einarsdóttir James Laing · Jakob Zethner · Hanna Dóra Sturludóttir
Paul Carey Jones · Kór Íslenzku Óperunnar

MIÐSALA Á WWW.OPERA.IS



ÍSLENSKA ÓPERAN

2018/2019

NÝTT STARFSÁR KYNNT TIL LEIKS

Sinfóníuhljómsveit Íslands kynnti starfsárið 2018/2019 á dögunum og eru því gerð góð skil í veglegum ársbæklingi og á vef hljómsveitarinnar, sinfonia.is. Fjölmarginir spennandi tónleikar eru í vændum og óhætt að segja að mikil eftirvænting ríki meðal unnenda sígildrar tónlistar á Íslandi.



Meðal hápunkta næsta starfsárs má nefna flutning á *Vorblóti* Stravinskíjs, sínfóníu nr. 10 eftir Mahler og *Hetjubljómkviðu* Beethovens auk sínfónískra verka eftir Tsjajkovskíj, Shostakovitsj, Brahms og Mozart. Einleikarar og einsöngvarar á heimsmælikvarða koma fram með hljómsveitinni. Má þar til dæmis nefna söngkonuna Anne Sofie von Otter, fiðluleikarana Renaud Capuçon og Isabelle Faust, sellóleikarann Andreas Brantelid og píanóleikarana Nobu, Nikolai Lugansky, Jean-Yves Thibaudet og Richard Goode.



Stjórnendur starfsársins eru margir að góðu kunnir fyrir störf sín með hljómsveitinni, m.a. Vladimir Ashkenazy, Osmo Vänskä, Petri Sakari og Daníel Bjarnason, en einnig bjóðum við velkomna stjórnendur sem eru með þeim færustu á heimsvísu eða á hraðri leið upp stjórnuhimininn, til dæmis Klaus Mäkelä, Evu Ollikainen, Bertrand de Billy og Edo de Waart. Ný íslensk tónverk hljóma á starfsárinu, m.a. fiðlukonsert Daníels Bjarnasonar og Metacosmos eftir Önnu Þorvaldsdóttur, auk þess sem kvikmyndin *Síðasti bærinn í dalnum* verður sýnd við tónlist Jórunnar Viðar í tilefni þess að öld er liðin frá fæðingu Jórunnar.

Áskrifendur hafa þegar fengið nýjan ársbækling í pósti. Aðrir sem vilja kynna sér starfsárið geta nálgast bæklinginn í Hörpu eða óskað eftir heimsendingu með því að senda nafn og heimilisfang á netfangið sinfonia@sinfonia.is.



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Systurnar Pálína Árnadóttir og Margrét Árnadóttir mynda stundum hálfan strengjakvartett.



Pálína: Hljóðfæraleikarar vinna í nokkuð sérhæfðum heimi. **Margrét:** Já, við notum jafnvel okkar eigin hugtök til að lýsa spilastíl og tækni. Til dæmis þykir oft gott að strengjaleikarar spili nótur með því að „húkka“. Það hljómar líka furðulega þegar óvant fólk heyrir okkur tala um að spila við „froskinn“ eða „oddinn.“

Þó að tengslin milli meðlima Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti verið með ýmsum hætti þá eru systkin innan sveitarinnar frekar óalgeng í sögu hennar. En það dylst engum að þær eru systur þær Pálína og Margrét Árnadóttur, þó svo að litatónninn í bylgjuðu hárinu sé ekki alveg sá sami.

Báðar lögðu þær tónlistina fyrir sig á sínum tíma og völdu strengjahljóðfæri til að leika á. Pálína valdi fiðlu en Margrét selló og þær geta því fyllilega myndað betri helminginn af strengjakvartett ef svo ber undir. Þær systur eru samstíga um flest allt og lærðu t.d. báðar hljóðfærslátt sinn

við hinn virta Julliard tónlistarháskóla í New York sem þykir einn sá allra virtasti í heimi. Tónlist er þeim systrum í blóð borin og þess má til gamans geta að faðir þeirra, Árni Arinbjarnarson, er mikill tónlistarmaður sem leikið hefur bæði á orgel og með Sinfóníuhljómsveit Íslands á fiðlu til fjöldamargra ára.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ÁSKRIFT AÐ SNILLD

2018/2019

Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á næsta starfsári er afar fjölbreytt og spennandi. Hægt er að kynna sér ólíkar tónleikaraðir nánar á vef hljómsveitarinnar – sinfonia.is.

Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og gott verð.

Endurnýjun og sala nýrra áskrifta- og Regnbogkorta er hafin á sinfonia.is og í miðasölu Hörpu.

SALA NÝRRA ÁSKRIFTA HAFIN Á SINFONIA.IS

Miðasala í Hörpu
sinfonia.is
harpa.is
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili:

GAMMA